

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Brekka - deiliskipulag frístundabyggðar við Brekkuheiði og Vallárveg.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar þann 8. nóvember 2005 deiliskipulag frístundabyggðar í landi Brekku.

Brekka í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Deiliskipulag frístundabyggðar í Brekkuskógi í landi Brekku. Svæðið liggur austan við
orlofshúsabyggð BHM.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 54 frístundalóðum, 9 við Vallárveg og 45 við Brekkuheiði.
Skipulagssvæðið er alls 38 ha og eru lóðir 4.750 til 5.500 m² að stærð.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997
mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 9. desember 2005.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2005